# Föstudagur 10. nóvember



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Antilópan snýr aftur** (Return of the Antilope). Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (25)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Nætursigling** (Nattsejlere). Annar þáttur. Nýr norskur framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum, sem gerist seint á síðustu öld. Ung stúlka finnst í fjörunni á eyju í Norður-Noregi. Hún er minnislaus og getur ekki gert grein fyrir sér. Þýðandi Jón O. Edwald.
21.20 **Peter Strohm** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.10 **Móna Lísa** (Mona Lisa). Bresk bíómynd frá 1986.
23.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.30 **Forboðin ást.** Love on the Run. Lögfræðingurinn Diane á erfitt með að sætta sig við lífið og tilveruna þar til hún kynnist skjólstæðingi sínum, Sean. Aðalhlutverk: Stephanie Zimbalist og Alec Baldwin.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Dvergurinn Davíð.**
18.15 **Sumo-glíma.** Spennandi keppnir, saga glímunnar og viðtöl við þessa óvenjulegu íþróttamenn.
18.40 **Heiti potturinn.** Djass, blús og rokktónlist.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur.
20.30 **Háskóli Íslands.** Þáttur um sögu Happdrættis Háskóla Íslands. Einnig verða hæstu tölur úr Happdrætti Háskóla Íslands birtar þar sem dregið verður þennan sama dag. Umsjón: Helgi Pétursson.
20.50 **Geimálfurinn Alf.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
21.20 **Sokkabönd í stíl.** Nýr þáttur þar sem nýjustu dægurlögin verða kynnt. Þátturinn er tekinn upp í veitingahúsinu Hollywood. Umsjón Margrét Hrafnsdóttir.
21.45 **Þau hæfustu lifa.** The World of Survival. Breskir dýralífsþættir í sex hlutum.
22.15 **Hingað og ekki lengra.** Gal Young Un.
24.00 **Upp fyrir haus.** Head over Heels. Charles kynnist Láru. Hún er ung, gift og tímabundið viðskila við eiginmann sinn. Þessi tvö eiga saman tvo yndislega mánuði áður en Lára neyðist til þess að snúa aftur til eiginmanns og barna.
1.35 **Furðusögur IV.** Amazing Stories IV. Þrjár stuttar gamansamar spennumyndir úr furðusagnabanka Stevens Spielberg. Aðalhlutverk: Joe Seneca, Lane Smith og Louis Giambalvo. Bönnuð börnum.
2.50 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Tómas Sveinsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Sólveig Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Pottaglamur gestakokksins.**
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Að hafa áhrif.** Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Kíkt út um kýraugað** – Siggi séní. Umsjón: Viðar Eggertsson. Lesari: Anna Einarsdóttir.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti aðfaranótt mánudags.)
11.53 **Á dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Olga Guðrún Árnadóttir flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Frá Stykkishólmi. Umsjón: Óli Örn Andreassen.
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Seborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les (15.)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Goðsögulegar skáldsögur fjögurra kvenna.** Fjórði og síðasti þáttur: Svava Jakobsdóttir og sagan um Óðin og Gunnlöðu. Umsjón: Ingunn Ásdísardóttir. (Endurtekinn þáttur frá kvöldinu áður.)
15.45 **Pottaglamur gestakokksins.** Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Kabalevski og Katsatúrijan.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.**
20.00 **Litli barnatíminn** – Loksins kom litli bróðir eftir Guðjón Sveinsson. Höfundur les (5.)
20.15 **Gamlar glæður.** Björn Ólafsson, Fritz Weisshappel, Rögnvaldur Sigurjónsson, Konstantin Krechler og Pétur Þorvaldsson leika tónlist eftir Gluck, Gemini, Tartini, Beethoven og Haydn.
21.00 **Kvöldvaka.**
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Ómur að utan** – Þrjú verk eftir Nol Coward. Umsjón: Signý Pálsdóttir. Nol Coward og Margaret Leighton flytja einþáttunginn Brief Encounter og brot úr Blithe Spirit og Present Laughter
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Morgunútvarpið. 9.03 Morgunsyrpa – Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni (Frá Akureyri).
14.03 **Hvað er að gerast?.** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða. Stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91–38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 03.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Á djasstónleikum.** Frá tónleikum á norrænu útvarpsdjassdögunum í Karlstad í Svíþjóð í fyrra. Kvintet Ture Larsens frá Danmörku, Brass Brör frá Noregi, Kvintett Severi Pyysalo frá Finnlandi og Gullin Memorial Group frá Svíþjóð leika. Kynnir er Vernharður Linnet. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags kl. 3.00.)
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Annar þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi.)
22.07 **Kaldur og klár.** Óskar Páll Sveinsson með allt það nýjasta og besta.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
03.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
05.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
06.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
06.01 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi á rás 2.)
07.00 **Úr smiðjunni** – Svona á ekki að spila á píanó. Sigþór E. Arnþórsson fjallar um nokkra rokkpíanista sem getið hafa sér gott orð. (Endurtekinn þáttur frá laugardagskvöldi.)

## Rás 2 FM 90,1

Útvarp Norðurland kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Útvarp Austurland kl. 18.03–19.00. Svæðisútvarp Vestfjarða kl. 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson** taka púlsinn á þjóðfélaginu, spjalla við fólk og spila tónlist sem allir þekkja.
9.00 **Páll Þorsteinsson með morguntónlistina þína.** Ýmsar skemmtilegar uppákomur. Það er boðið í Flugleiðaferð á föstudögum.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir** með rólega fallega tónlist. Trúlofunarpar dagsins á Bylgjunni. Trúlofað í beinni útsendingu milli kl. 13.00 og 14.00.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson** leikur nýjustu tónlistina, spjallar við tónlistarfólk og er með ýmsar uppákomur.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** athugar kvikmyndahúsin, veður og færð og fylgst með íþróttum.
22.00 **Haraldur Gíslason. „Ostapopp og rauðvínsglas með þægilegu undirspili.“**
2.00 **Freymóður T. Sigurðsson** með sína ljúfu tóna.
Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli. Morgunleikfimin á sínum stað. Bjarni er málið.
11.00 **Snorri Sturluson.** Við erum komin í helgarskap á Stjörnunni.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Það fer ekkert framhjá Sigga Hlöðvers. Helgin framundan og allt á útopnu.
19.00 **Helgartónlist á Stjörnunni.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **BIG-FOOT.** Hann er mættur og aldrei betri.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Fróðleikur og ný tónlist. Þorsteinn Högni veit allt um nýja tónlist.
24.00 **Ólöf Marín Úlfarsdóttir.** Partístuð eins og það gerist best. Tónlistin er ný, fersk og hress. Síminn er 622939.
4.00 **Arnar Albertsson.** Þú finnur ekki hressari dreng á landinu. Hann fer í ljós þrisvar í viku.

## AÐALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 **Morgunmenn** taka púlsinn á málefnum líðandi stundar. Fréttir og fréttatengt efni. Kaffispjall og tónlistin er hugljúf. Umsjónarmenn: Þorgeir Ástvaldsson og Ásgeir Tómasson.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir** tekur fyrir ýmis málefni sem henta í dagsins önn með léttri tónlist í bland.
12.00 **Hádegisútvarp** í umsjón Þorgeirs Ástvaldssonar og Ásgeirs Tómassonar. Fréttir og fréttatengt efni. Tekið á þeim málum sem hæst ber hverju sinni.
13.00 **Jón Axel Ólafsson og Bjarni Dagur Jónsson** skipta með sér verkum. Sveitatónlist í bland við aðra tónlist. Fróðleikur og léttar umræður.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.** Fréttir, viðtöl og fréttatengd efni.
18.00 **Plötuskápurinn minn.** Íslensk tónlist eða umræðuþáttur um málefni sem eru ofarlæega á baugi.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir** er mætt Viðtöl, skemmtilegur upplestur og ýmis fróðleikur.
22.00 **Rómantík, rauðvín og ostar.** Gestgjafinn er Gunnlaugur Helgason. Létt og þægileg tónlist í helgarbyrjun.

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

**Tónlistardagskrá allan sólarhringinn.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Fréttir, viðtöl og tónlist.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
8.30 **Super Password.** Spurningaleikur
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.**
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.45 **Teiknimyndir.**
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
19.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
20.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
23.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.

## SKY MOVIES

14.00 **Walking On Air.**
15.30 **Dusty.**
16.00 **Peter No-Tail.**
18.00 **Sour Grapes.**
20.00 **Up the Creek.**
22.00 **Predator.**
23.45 **Bucket of Blood.**
01.15 **Porky's.**
04.00 **The Dark Crystal.**

## EUROSPORT

9.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
9.30 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.
10.00 **Snóker.** Dubai Open.
12.00 **Körfubolti.** Leikur í Evrópukeppni meistaraliða.
14.00 **Golf.** Women European Masters, haldið í Belgíu.
15.00 **Snóker.** Dubai Open.
17.00 **Bobsleðakeppni.** Fyrsta mótið í heimsmeistarakeppni, haldið í Austur-Þýskalandi.
18.00 **Siglingar.** Admiral's Cup Yacht Race.
19.00 **Snóker.** Dubai Open.
21.00 **Tennis.** Stockholm Open.
23.00 **Bobsleðakeppni.** Fyrsta mótið í heimsmeistarakeppni, haldið í Austur-Þýskalandi.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Hotline.** Tónlist og slúður.
14.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
15.30 **On the Air.** Lifandi tónlist.
17.30 **Hit Studio International.** Tónlist og spjall.
18.30 **Fréttir og veður.**
18.35 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **Max Headroom.** Spennumyndaflokkur.
19.30 **Snub.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Poppkonsert.** Kool and the Gang í New Orleans.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **Snub.** Skemmtiþáttur.
21.40 **Hit Studio International.** Tónlist og spjall.
22.10 **Power Hour.** Þungarokk.
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **The Mix.** Tónlist, skemmtiefni og tíska.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Aðalhlutverkin í Móna Lísa leika Bob Hoskins, Michel Caine og Cathy Tyson.**

### Sjónvarp kl. 22.10:

## Móna Lísa

Móna Lísa, sem er á dagskrá í kvöld, er ein af betri myndum sem hafa komið frá Bretum á undanförnum árum. Hún segir frá tveimur ólíkum persónum sem búa í undirveröld London.

George er smákrimmi sem fær það verkefni að vera fylgja Simone, sem er hóra í hæsta verðflokki, hvert sem hún vill fara og hefur hann til þess Rolls Royce. Í fyrstu þola þau ekki hvort annað. Hún skilur ekki af hverju hún fær sem fylgdarmann lítinn smákrimma sem passar ekki inn neins staðar þar sem hún vill vera og hann er fullur fyrirlitningar á konunni sem selur sig hæstbjóðanda.

Kunningsskapur þeirra þróast samt smátt og smátt í gagnkvæman vinskap og þegar Simone biður George að hjálpa sér að finna vinkonu sína sem hún heldur að sé að selja sig á götunni hikar hann ekki við að leggja sig í lífshættu fyrir hana.

Bob Hoskins leikur George og gerir það eftirminnilega. Hann fékk verðlaun sem besti leikari á Cannes og var tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Þá stendur Cathy Tyson sig einnig vel í hlutverki Simone og Michael Caine er frábær í minna hlutverki.

-HK



**David Peck leikur ungan ævintýramann í Hingað og ekki lengra. Hér er hann ásamt J. Smith.**

### Stöð 2 kl. 22.15:

## Hingað og ekki lengra

Hingað og ekki lengra (Gal Young Un) er ein af ódýrum myndum sem lítið fer fyrir en uppgötvast vegna gæða sinna og er mikið haldið á lofti af gagnrýnendum sem alltaf eru tilbúnir að gera vel fyrir kvikmyndir sem koma á óvart. Leikstjóri myndarinnar er Victor Nunez sem er innfæddur Floridabúi og gerði þessa kvikmynd þar 1979. Eru leikarar allir búsettir á Florida.

Myndin gerist á bannárunum. Hún fjallar um konu sem á stóra jörð. Hún hrífst af ungum manni sem kemur til hennar og er honum auðveld bráð. Eftir að þau eru gift kemur í ljós að hann er einugis að falast eftir jörðinni. Þar ætlar hann að setja upp bruggverksmiðju.

Hingað og ekki lengra hefur verið sýnd á mörgum kvikmyndahátíðum og yfirleitt fengið mjög góðar viðtökur.

-HK

### Stöð 2 kl. 24.00:

## Upp fyrir haus

Upp fyrir haus (Head Over Heels) er leikstýrð af Joan Micklin Silver sem er einn fremsti kvenleikstjóri í Bandaríkjunum og kannski eini kvenmaðurinn sem hefur tekist að festa sig í sessi sem leikstjóri. Hún fer eigin leiðir í kvikmyndagerð og treystir ekki á stóru kvikmyndafélögin, enda hafa þau litið hana hornauga.

Aðalpersónurnar í Upp fyrir haus eru Charles og Laura. Charles er piparsveinn sem vinnur leiðinleg skrifstofustörf hjá því opinbera. Laura er ung kona sem hann verður hrifinn af. Hún stendur í tímabundnum skilnaði við eiginmann sinn. Þau Charles eiga tvo hamingjusama mánuði saman eða þangað til Laura snýr aftur til eiginmanns og barna.

Charles tekur illa þessum aðskilnaði og heldur að hann sé að verða vitlaus, enda snýst allt hans líf orðið um Lauru. Það sem gerir hann hræddan um að geðveila sé að ná tökum á honum er að þessi sjúkdómur er algengur í hans ætt.

-HK